



172. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 12. mars 2013 kl. 09:00.

Mætt: Olga Lísu Garðarsdóttir (skólameistari), Sandra D. Gunnarsdóttir (tilnefnd af Mrn), Eydís Þ. Indriðadóttir (tilnefnd af SASS), Jón Hjartarson (tilnefndur af Mrn), Jón G. Valgeirsson (tilnefndur af SASS), Sigprúður Jónsdóttir (tilnefnd af SASS), Þórarinn Ingólfsson (aðstoðarskólameistari), Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri) og Ægir Pétur Ellertsson (tilnefndur af kennarafundi). Sigprúður Harðardóttir (formaður foreldraráðs) og Markús Árni Vernharðsson (formaður nemendaráðs) boðuðu forföll.

Dagskrá:

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

1. Hugmyndir skólanefndar um framtíð FSu

a. Námsframboð

Olga Lísu skólameistari sagði frá hvernig gengi með vinnu að námskrá fyrir skólann. Lögð var fram spurning um hvaða áhersluþættir ættu að vera í námskránni. Fram kom í máli manna að leggja þyrfti áherslu á verknám sem og að tengjast atvinnulífínu á svæðinu. Skoða þarf tengsl við ferðaþjónustuna sem og matvælaíðnaðinn. Spurning hvort hafa eigi ákveðinn kjarna á braut sem síðan myndi leiða út í mismunandi greinar eins og ferðamálafræði, matvælaíðn og fleira. Ætti að stofna hóp sem myndi vinna að þarfagreiningu fyrir svæðið og kæmi með tillögu að námsframboði. Málin rædd fram og til baka.

b. Nýtt hús – nýting

Skólameistari gerði grein fyrir stöðu mála varðandi viðbyggingu við Hamar. Málið er í ferli og á dómnefnd að skila niðurstöðum í síðasta lagi af sér í lok maí. Fram kom í máli skólameistara að 100 fermetrum af væntanlegri nýbyggingu væri óráðstafað.

c. Samstarf við nærumhverfið

Haldið áfram að ræða hugmynd um hóp sem færi yfir tengsl skólans við atvinnulífið. Sérstaklega er verið að hugsa um nærumhverfi skólans.

d. Ályktun

Rennt var yfir ályktun frá skólanefnd sem fyrirhugað er að senda til fjármála-, mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ályktunin var samþykkt og ákveðið að senda einnig afrit á þingmenn Suðurlands.

2. Gjaldskrárbreytingar

a. Nemendagarðar

Haraldur lagði til hækkun á gjaldskrá nemendagarða og var hækkunin samþykkt frá og með haustönn 2013.

3. Önnur mál

a. Meistaránámið

Aðstoðarskólmeistari gerði grein fyrir kostnaði í tengslum við iðnmeistaránámið. Fram kom í máli hans að ríki greiði 2/3 af launakostnaði við kennsluna.



b. Skólaskrifstofa Suðurlands

Árborg hefur dregið sig út úr Skólaskrifstofu Suðurlands og hafa nefndarmenn áhyggjur af tengslum skólastiga út frá þessum breytingum.

c. Skólaböll

Rætt um skólaböllin í FSu og það að nemendur fengju að valsa inn og út af böllunum. Fram komu áhyggjur af þessu fyrirkomulagi.

Næsti fundur er fyrirhugaður 7. maí kl. 09:00

Fundi slitið kl. 10:26
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson